

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- taki þátt í samskiptum í kennslustofunni þ.e. kynni sig, heilsa, kveðji og þakki fyrir sig
- geti tjáð sig um afmarkaða þætti tengda viðfangsefnunum
- auki orðaforða sinn í töluðu og rituðu máli
- skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefnisem unnið er með og eru þeim kunnugleg
- skilji einfaldan texta
- þjálfist í að vinna með einfaldan orðaforða í textum
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

Námsefni

Right on, vinnubók

Speak out

Work out, vinnubók

Efni af geisladiskum

Enskar smásögur

Ýmis önnur verkefni

Kennsluform

Nemendur vinna svo til eingöngu í skólanum þar sem námsefnið krefst hlustunar og verkefnavinnu tengda henni. Einstaklings- og hópavinna. Söngur og umræður.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- vinnubækur og verkefni 20%
- kannanir 20%
- tjáning/þátttaka í umræðum 20%

Heimilisfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að reglubundnar máltíðir eru mikilvægar
- fái þjálfun í að lesa leiðbeiningar og fara eftir fyrirmælum
- geti lagt snyrtilega á borð
- temji sér að vinna í sátt og samlyndi með mismunandi hópstærðum og beri ábyrgð á frágangi eftir sig
- rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum
- viti hvers vegna heimilisúrgangur (sorp) er flokkaður og hvað má endurnýta
- þekki muninn á hollum og óhollum fæðutegundum
- læri að samvinna og sameiginleg ábyrgð á heimilum er mikilvæg
- geri sér grein fyrir því hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld og svefn)
- temji sér að sýna kurteisi við borðhald
- læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp
- Læri að vinna saman í hóp og taka tillit til hvors annars.

Námsefni

Hollt og gott - heimilisfræði fyrir 4.bekk

Kennsluform

Nemendur eru í heimilisfræði einu sinni í viku 80 mín. í senn. Kennslan er að stórum hluta verkleg. Lögð verður áhersla á vinnubrögð og virkni nemenda.

Námsmat

Í heimilisfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni og vinnubækur 40%

Hönnun og smíði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það að verðleikum
- efli sjálfsmynd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkur þátttakandi
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir við gerð smíðisgripa
- læri að beita einföldum hand- og rafmagnsverkfærum við hæfi
- temji sér að umgangast verkfæri og tæki af varúð og nýti öryggisbúnað
- tileinki sér góðan frágang á efnum og áhöldum
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum

Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, hugmyndir nemenda o.fl.

Kennsluform

Nemendur kynnast smíðastofunni, verkfærum, vélum og öryggisbúnaði, auk efnisins sem að öllu jöfnu er unnið með. Lögð er áhersla á að kynna nemendum þær hættur sem kunna að leynast í smíðastofunni og þeim kynnt rækilega hvaða áhöld og tæki þeir mega nota. Kynnt er notkun verkfæra við gerð mismunandi smíðisgripa og farið yfir það hvernig búa á hluti undir yfirborðsmeðferð. Nemendur vinna a.m.k. þrjú skyldustykki: Flautu, fugla á platta og mynd í koparfólíu Frjáls viðfangsefni eru unnin í samráði við kennara. Fram fer bæði einstaklings- og hópkenntla.

Námsmat

Í smíði er gefin skólaeinkunn í lok annar.

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti lesið upphátt, á viðunandi hraða, skýrt og áheyrilega
- geti gert munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið
- náí tökum á því að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- þjálfist í endursögn og geti greint munnlega frá eigin reynslu
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og jafnvel stærri hópum t.d. foreldrum
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum og hrynjanda
- taki þátt í leikrænni tjáningu
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, frá samnemendum, kennara o.fl.
- geti svarað spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- hafi náð góðum skriftarhraða og geti skrifað tengda skrift eftir forskrift
- þjálfist í að stafsetja rétt með fjölbreyttum verkefnum
- semji sögur með atburðarás (noti upphaf, miðju og endi) og yrki ljóð og skrifi sjálfur
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- þjálfist í að skrifa póstkort og sendibréf
- læri að fara eftir stafsetningarreglum t.d. n-og nn reglunni og reglum um stóran og lítinn staf
- læri utanbókar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- kannist við verk nokkurra íslenskra höfunda og
- þjálfist í að ræða bókmenntaverk og geti notað hugtök eins og persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- rifji upp hugtökin sérhljóði, samhljóði, samheiti, andheiti
- þekki mun samnafna og sérnafna og geti nýtt sér þá þekkingu í stafsetningu
- geri sér grein fyrir muninum á orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- læri og vinni með stigbreytingu lýsingarorða
- læri og vinni með nútíð og þátíð sagna
- læri að greina kyn nafnorða, eintölu og fleirtölu
- átti sig á fallbeygingu nafnorða, bæði í eintölu og fleirtölu
- vinni með algeng orðtök og málshætti

Námsefni

Lestrarbækur við hæfi hvers og eins

Skinna, les- og vinnubók I og II

Lukkudýrið, les- og vinnubók

Kóngar í ríki sínu, les- og vinnubók

Skrift 4

Þristur

Verkefni frá kennara

Kennsluform

Nemendur vinna í vinnubókum og fá aðstoð kennara. Nemendur lesa hjá kennara.

Nemendur semja sögur og lesa upp. Hópavinna. Samlestur.

Námsmat

Í íslensku er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

Skólaeinkunn

- kannanir 20%
- vinnubækur og verkefni 25%
- bókmenntaritgerð 15%
- ástundun og vinnubrögð 40%

Skrift

- skriftarbók 50%
- ástundun og vinnubrögð 25%
- önnur verkefni 25%

Lestur

- heimalestur 50%
- lestur í skóla 50%

Stafsetning

- stafsetningaræfingar 100%

Prófseinkunn

- málfræði 60%
- ritun 20%
- lesskilningur 20%

- skriftarpróf 100%
- hraðlestrarpróf 100%
- stafsetningarpróf 100%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli hreyfi-, tilfinninga- og félagsþroska sinn í gegnum mismunandi leiki
- efli færni sína í gróf- og fínhreyfingum
- efli líkamsvitund sína
- efli styrk, þol og liðleika
- læri reglur leikja og fari eftir þeim
- læri að bera virðingu fyrir félögum sínum

Kennslugögn

Smærri áhöld eins og sippubönd, gjarðir, keilur, boltar, baunapokar og fleira

Stærri áhöld eins og kubbar, kistur, kaðlar, dýnur og fleira

Kennsluform

Kennt verður tvisvar sinnum í viku, 40 mínútur í senn, með áherslu á leiki, stöðvæðingunni og hringþjálfun. Einstaklings- og hópakennsla.

Námsmat

Annareinkunn byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda.

Kristin-, sið- og trúarbragðafræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- þekki helstu hátíðir kristninnar, siði og tákn sem tengjast þeim
- þekki kirkjuhúsið, helstu tákn, kirkjulegar athafnir og starf kirkjunnar í
- heimabyggð
- hafi kynnst listrænni tjáningu trúar og fengið tækifæri til listrænnar
- tjáningar eigin hugmynda
- hafi kynnst öðrum trúarbrögðum, svo sem gyðingdómi, íslam, búddadómi og hindúasið, lífsviðhorfum og menningu, m.a. með
- frásögnum af jafnöldrum
- fái innsýn í sögu kirkjunnar
- læri bænir, vers og texta

Námsefni

Trúarbrögðin okkar

Efni frá kennara

Kennsluform

Umræðu- og spurnaraðferðir. Námsefni lesið í tímum, rætt og unnið úr því á fjölbreyttan hátt.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn í lok annar.

- verkefni 50%
- ástundun og vinnubrögð 50%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemandi

- virða leikreglur í hópleikjum
- sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- þjálfist í að tjá tilfinningar sínar
- geti sett sig í spor annara og leitað sátta
- kunni umferðareglur og merki fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur
- geri sér grein fyrir hættum á heimili sínu og í nágrenninu

Námsefni

Að leika og látast

Samvera – vinnum saman í skólastofunni

Verkefni frá kennara

Kennsluform

Umræður

Bekkjarfundir

Verkefna- og hópavinna

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- tjáning/þátttaka í umræðum 30%
- framkoma 30%

Myndmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- Temji sér vandvirkni í vinnubrögðum
- Þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu
- Beiti litafræði til að kalla fram ákveðin áhrif í mynd
- Þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið
- Þekki hugtakið jákvætt og neikvætt rými og beiti þeim í þrykki
- Þekki grunnformin

Námsefni

Myndmennt I og II, fagbækur og efni af netinu

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, tilraunir, sköpun, sjálfstæð vinna og hópavinna

Námsmat

Í myndmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

Náttúru- og samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- átti sig á því að Ísland hefur ekki alltaf verið til
- viti að Ísland er eyja langt frá öðrum löndum hefur áhrif á hvaða lífverur eru á landinu
- viti að fornminjar gefa fólki vísbendingar um líf og störf fólks áður fyrr
- skoði hvernig menn móta og breyta náttúrunni þegar þeir nýta hana.
- læri um hringrás vatnsins
- viti að allar lífverur eiga sér ákveðna lífsferla
- átti sig á að plöntur eru undirstaða lífs á jörðu
- skilji að í náttúrunni er úrgangur frá einni lífveru hráefni fyrir aðra
- læri um mikilvægi þess að temja sér að lifa í samræmi við hringrásir náttúrunnar og t.d. endurnýta og endurvinnna hluti.
- viti hvernig tæknin hefur áhrif á líf manna

Námsefni

Komdu og skoðaðu himingeiminn
Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti
Komdu og skoðaðu landnám
Komdu og skoðaðu hringrásir
Verkefnabók um líkamann

Kennsluform

Umræður
Vettvangsferðir
Tilraunir
Einstaklingsvinna
Hópvinna

Námsmat

Í samfélagsgreinunum er gefin skólaeinkunn í lok annar.

- ástundun og vinnubrögð 25%
- vinnubækur og verkefni 25%
- hringekja 50%

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda og deila til að finna lausn
- geti notað fjölbreyttar aðferðir við samlagningu og frádrátt náttúrulegra talna a.m.k. upp í 1000
- þekki sléttar tölur og oddatölur
- noti reiknivél og geta notað hana við hinar ýmsu reiknisaðferðir
- geti notað mynt og seðla, áætlað, talið og skráð peningaupphæðir og gefið til baka
- leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur, $n - 1$, $n + 1$, $n + n$, o.s.frv.
- sannreyni að þegar sömu stærð er bætt við báðar hliðar jafnaðarmerkis gildir jafnaðarmerkið áfram
- geti lesið, notað og skrifað einföld almenn brot og tugabrot með einum eða tveimur aukastöfum
- geti lesið aðra hverja tölu, þriðju hverja o.s.frv.
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- skrái niðurstöður athugana í töflur og súlurit
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum til að leysa vandamál
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir
- námundi tölur að næsta heila tug og hundraði
- þekki neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli
- geti merkt hnit heilla talna í hnitakerfi
- geti margfaldað þriggja stafa tölu með eins stafs tölu og reiknað einföld deilingardæmi
- skilja að líta má á deilingu sem skiptingu og einnig sem endurtekinn frádrátt
- skilji grundvallaratriði tímatalsins og kunni á klukku, talna og skífuklukku
- vinni með staðaleiningarnar m, cm, l, dl, kg og gr.
- teikni flatarmyndir, s.s. þríhyrninga og rétthyrninga og noti hugtökin punktur, hlið, horn og geti hliðrað flatarmyndum
- þekki rétt horn, hvöss og gleið

Námsefni

Eining 7 og 8

Línan 6, 7 og 8

Sproti 4a og 4b

Verkefni fyrir vasareikni 4

Húrrahefti

Við stefnum á deilingu

Kennsluform

Hópkennsla og einstaklingskennsla. Innlagnir á nýjum viðfangsefnum, munnlega og á töflu. Nemendur vinna í vinnubókum.

Námsmat

Í stærðfræði er gefin skóla- og prófseinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 40%
- vinnubækur og verkefni 20%
- kannanir 30%
- hringekja 10%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi og flugsundi
- taki þátt í ólíkum sunaðferðum sem krefjast hlustunar, takts, samhæfingar og samvinnu
- nái tökum á fjölbreyttum æfingum og leikjum sem reyna á samspil skynfæra með fjölbreyttum áhöldum
- taki þátt í umræðu um björgunarþætti og læri að bregðast rétt við óhappi
- taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni og búa til nýja leiki í vatni
- læri að fara eftir fyrirmælum, reglum og beri virðingu hver fyrir öðrum
- þjálfist með sér og öðlist jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum úr íþróttasal yfir á sundstað
- þjálfist bæði í sjálfstæðri vinnu og samvinnu
- skilji markmið æfinga og leikja sundkennslunar
- þjálfist í að klæða sig í og úr björgunarvesti og þekki notagildi þess
- þjálfist í að aðstoða félagar t.d. að synda með bjarghring til hans
- læri að umgangast sundstað á öruggan hátt

Kennslugögn

Kútar, sundflár, sundfit, dót til að kafa eftir, stórir hringir, boltar og fleira.

Kennsluform

Kennt verður í námskeiðsformi. Bein kennsla, kennari sýnir, nemendur æfa, kennari leiðbeinir og nemendur endurtaka. Einnig verður lögð áhersla á leik. Einstaklings- og hópakennsla.

Námsmat

Annareinkunn er gefin í bókstöfum og byggir á símati þar sem fylgst er með ástundun, virkni og framkomu nemenda. Í lok skólaárs er svo gefið lokið eða ólokið fyrir sundstig.

Námsþættir 4. sundstigs

- 25 metra bringusund
- 12 metra skólabaksund
- 12 metra skriðsund, með eða án hjálpartækja
- 12 metra baksund, með eða án hjálpartækja
- stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga

Textílmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- fari yfir helstu hluta saumavélarinnar
- noti útsaum til skreytingar
- þrjóni garðaprjón
- tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar (útsaumur, vélsaumur, hekl, þrjón o.s.frv).

Námsefni

Fagbækur og efni af netinu.

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, sköpun og sjálfstæð vinna.

Námsmat

Í textílmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Tónmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- flytji á viðeignadi hátt fjölbreytta tónlist í söng og hljóðfæraleik, einn og í hópi, undir eigin stjórn og annarra
- öðlist aukna færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- þjálfist í form- og taktskyni og dýpka kunnáttu á ólíkum þáttum tónlistarinnar
- þekki og geti greint hugtök, s.s. púls og hrynur, hljóð og þögn, einn tónn eða fleiri og hendingar.
- þekki og geti greint helstu hljóðfæraflokka og raddgerðir
- Hlusti á og fræðist um hljóðfæri og tónlist frá ymsum löndum með sérstakri áherslu J.S.Bach og tónverk hans.

Námsefni

Byggt er á efni úr Tónmennt, 3. og 4. hefti, auk ítarefnis frá kennara.

Kennsluform

Meginviðfangsefni 4. bekkjar er að þjálfra músíkalska leikni og efla frumkvæði nemenda til tónlistariðkunar. Mikið er unnið með lög þar sem skiptast á forsöngur og viðlag. Nemendur þjálfast í að nota röddina til að færa kvæði og ævintýri í tónlistarbúning og beita henni svo hún berist. Áfram unnið með laglínustefnu og tónhæð. Sönglög úr ýmsum áttum, aukin áhersla á keðjusöngva og fjölröddun. Ýmsir hreyfileikir tengdir sönglögum og hlustun og rythma. Sérstaklega unnið út frá formi tónlistarinnar í frjálsri hreyfingu og styrkleika.

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvætt viðhorf til tölvu og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri
- þekki helstu hluta tölvu og tileinki sér íslenskan orðaforða tengda tölvum
- noti tölvu til að semja eigið efni og til listsköpunar
- geti notað tölvu til að skrifa og prenta út eigin texta
- kunni að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu
- geti framkvæmt einfalda leit á neti og í útlánskerfi bókasafna
- vinni með kennsluforrit sem hæfa aldri og getu

Námsefni

Ritfínnur

Ýmis kennsluforrit

Efni tekið saman af kennara

Kennsluform

Nemendur vinna ýmist einir sér eða með öðrum. Í upphafi hvers tíma er stutt innlögn en að því loknu vinna nemendur verk sín.

Námsmat

Vinna og kunnátta nemenda er metin af kennara.

- ástundun og vinnubrögð 50%
- verkefni 50%